

Nr. 125 / 10 Háey ÞH 275**Strandar við Raufarhöfn, stjórnandi sofnað**

Skipaskr.nr. 2757
Smíðaður: Hafnarfirði 2007 plast
Stærð: 11,7 brl. 14,9 bt.
Mesta lengd: 11,94 m Skráð lengd: 10,73 m
Breidd: 4,18 m Dýpt: 1,62 m
Vél: Yanmar 368 kW 2007
Fjöldi skipverja: 4

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS



Háey ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. september 2010 var Háey ÞH 275 á landleið til Raufarhafnar. Veður: SA 3 m/sek. og gott skyggni.

Báturinn hafði verið á línuveiðum á Rífsbanka og á siglingu til hafnar sofnaði stjórnandi hans með þeim afleiðingum að hann strandaði í fjörunni undir Hólshöfða suður af Raufarhöfn.



Háey á strandstað ©Lögreglan

Björgunarskipið Gunnbjörg dró Háey ÞH á flot og til hafnar. Leki kom að vélarúminu en dælur bátsins höfðu undan honum.

Talsverðar skemmdir urðu á bátnum eins og sjá má á myndum hér á eftir.
Ljósmyndir©lögreglan.



Skemmdir
á stefni,
fyrir neðan
perustefni.




Skemmdir
á kili.



Skemmdir á stýri og skrúfu.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn taldi sig hafa sofnað þegar um fjórar sjómílur voru eftir í innsglinguna til Raufarhafnar. Hann taldi sig hafa farið vel hvíldan á sjó um kl. 18:00 deginum áður og eftir línulögn um kl. 23:30 hefði hann lagt sig í um þrjár klst. Lagt var af stað til hafnar um kl. 09:00;
- að samkvæmt skráningu úr STK kerfi var báturinn á 10 hnúta ferð þegar hann strandaði við Hólshöfða suður af Raufarhöfn milli kl. 12:40 og 12:53. Kortið hér að neðan er úr STK kerfi og sýnir siglingu bátsins og strandstað;



- að skipstjórinn kvaðst hafa verið að horfa á DVD eftir að hásetarnir þrír fóru í koju eftir að landstímið hófst. Þegar fjórar mílur voru til hafnar mundi skipstjórinn eftir að hann hafði talið að hann gæti náð að horfa á einn þátt í viðbót, af því efni sem hann var að horfa á, áður en hann kæmi til hafnar;
- að báturinn var vel tækjum búinn og með viðvörunarbúnað í siglingatækjum sem var ekki notaður;
- að aðrir skipverjar voru sofandi en vöknudú við strandið. Skipstjórinn lét þá fara í björgunarbúninga;
- að 7,6 tonn af afla var um borð.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var að stjórnandi sofnaði og tækjabúnaðurinn var ekki nýttur eins og kostur var á.

Nefndin átelur skipstjóran fyrir að hafa á siglingunni verið með hugann við sjónvarpsáhorf og þar með stofnað öryggi skipverja og skips í mikla hættu.